

Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademíunnar 3. tölublað 1. árgangur 9. nóvember



Vikulegar heimsóknir í Barnaspítala Hringsins

Liðsmenn Skákakademíunnar heimsækja Barnaspítala Hringsins alla fimmtudaga og tefla við krakka á leikstofunni. Skáklífið í Hringnum á sér langa hefð en Skákakademían hóf þessar heimsóknir nú í haust. Þetta er mjög gefandi starf, og mannbætandi að kynnast ungu hetjunum í Hringnum. Samhliða tók Skákakademían að sér að safna skemmtilegum bókum, DVD-diskum og fleira afþreyingarefni meðal ýmissa fyrirtækja. Á dögnum veittu þær Sibba og Gróa á leikstofu Hringsins fyrstu gjöfunum viðtöku.

MYNDIN: Sibba og Gróa eru verndarenglar barnanna á leikstofu Hringsins. Hér eru þær með gjafir sem Skákakademían safnaði.

Griðastaður við Hverfisgötu: Allir eru velkomnir í Vin!



Skákakademían sér um skáklífið í Vin, athvarfi Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir. Vin er við Hverfisgötu 47 og er einn helsti skákstaður borgarinnar. Þar eru æfingar alla mánudaga klukkan 13 og þangað eru allir velkomnir. Róbert Lagerman og Hrafn Jökulsson halda utan um starfið í Vin, og þar eru líka reglulega haldin sannkölluð stórmót. Skákfélag Vinjar teflir fram tveimur sveitum á Íslandsmóti skákfélaga og er A-sveitin í toppbaráttunni í 3. deild. Mikil ánægja ríkir með skákina í Vin, sem hefur átt mikinn þátt í að rjúfa félagslega

einangrun margra gesta og virkja þá, jafnt við taflborðið sem í lífinu sjálfu.

MYNDIN: Jón Gnarr borgarstjóri setti upp „skákmeistarasvip“ þegar hann kom í heimsókn til Skákfélags Vinjar.

Verðlaunamynd úr Kópavogi



Samhliða **Afmælistóti aldarinnar** í Laugardalshöll fór fram skákmyndasamkeppni. Margar flottar og frumlegar myndir bárust dómnefnd.

Ein mynd þótti bera af með tilliti til frumleika og nákvæmni.

Myndina teiknaði **Steinrós Birta Kolbeins** 14 ára gömul stúlka úr Kópavogi og hlýtur að launum Kringlukort frá Skákakademíunni að verðmæti 7.500 kr.

Skák er skemmtileg – í framhaldsskólum



Stofnaður hefur verið hópur um eflingu skákar innan framhaldsskólanna!

Það er staðreynd að unglingar draga mjög úr taflmennsku þegar í framhaldsskóla er komið. Framhaldsskólahópurinn hefur það að aðalmarkmiði að sá mikli fjöldi nemenda sem teflir í grunnskólum **hafi farveg fyrir skákiðkun þegar í framhaldsskóla er komið**. Til dæmis er stefnt að því að auka **skákvaláfanga í framhaldsskólum** og halda **mót innan skólanna**. Mun hópurinn hafa umsjón með framkvæmd á Íslandsmóti framhaldsskólasveita - en þátttaka á því móti árið 2012 var mun meiri en árin áður og sýnir það tækifærin sem eru fyrir hendi.

Hópin munu skipa **fulltrúi frá Skákakademíunni**, nemandi úr **tíunda bekk**, kennari af **unglingastigi grunnskólanna**, nemandi í framhaldsskóla og kennari í framhaldsskóla.

Fyrsta hópin sem mun stýra starfinu veturinn 2012-2013 skipa: **Stefán Bergsson** frá Skákakademíunni, **Donika Kolica** formaður nemendaráðs Hólabrekkuskóla, **Svavar Viktorsson** skákkennari Laugalækjarskóla, **Hjörvar Steinn Grétarsson** alþjóðlegur meistari Verzló og **Eiríkur Björnsson** skákkennari Verzló.

Starfið er þegar hafið og hafa verið haldin **skákmót í MR og Verzló**.



Donika, Hue Yifan heimsmeistari og Elín Nhung.

Donika Kolica: Í skákinni eignast maður vini á öllum aldri

Donika Kolica er 15 ára gömul og er formaður nemendaráðs í Hólabrekkuskóla. Hún flutti til Íslands fyrir 5 árum og talar í dag reiprennandi íslensku, auk þess að tala spænsku, albönsku, ensku, dönsku og serbnesku. Donika byrjaði að tefla rétt eftir að hún kom til landsins og hefur orðið Reykjavíkurmeistari sem og teflt fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti. Nýlega tók Donika sæti í Framhaldsskólahópnum sem hefur það að markmiði sínu að efla skákiðkun innan framhaldsskólanna. Donika stefnir á að verða læknir. Við tókum hana tali.

Uppáhaldslitur: Grænn.

Uppáhaldsbók: Night World bækurnar.

Uppáhaldssjónvarpsáttur: Friends.

Uppáhaldsbíómynd: Rocky myndirnar.

Uppáhalds skákmaður: Hjörvar Steinn.

Uppáhaldsskákbyrjun? Grand-Prix árásin með hvítu gegn Sikileyjarvörn.

Af hverju fórstu að tefla þegar þú fluttir til landsins? Veit ekki, prófaði bara á æfingu í Hólabrekku og fannst það strax svaka gaman, svo bara meir og meir teflt og á núna fullt af vinum í skákinni.

Æfirðu oft í viku? Tvær fastar æfingar, í hóptíma með stúlknalandsliðinu og svo einkatíma með Birni Ívari.

Áttu vinkonur í skákinni? Já fullt af þeim.

Er gott fyrir mann að læra skák? Já, það hjálpar manni að læra að einbeita sér að einum hlut í einu. Svo hef ég heyrt að þetta hafi verið rannsakað og hjálpi börnum að læra í mörgum fögum.

Hversu góð ætlarðu að vera í skák? Bæta mig mikið, langar að verða rosalega góð og mér hefur verið sagt að ég sé búin að vera í framför síðustu mánuði. Ég er ekki viss um það en ég er allavega dugleg að mæta á æfingar og finnst það rosa gaman.

Hvað er það skemmtilegasta við skákina? Félagsskapurinn. Maður eignist vini á öllum aldri sem er kannski ekki í öllum íþróttum, enda hef ég oft heyrt að skák sé fyrir alla, „Við erum ein fjölskylda“.


Þú ert byrjuð að kenna skák er það ekki? Jú, hef verið að kenna stundum í Hólabrekkuskóla og kenndi í skákbúðunum á Úlfjótsvatni. Það var rosa gaman og hef ég gaman af því að kenna ungum byrjendum.

Hvað ætlarðu að læra og vinna við í framtíðinni? Fara í MR og svo í lækninn og verða hjartalæknir.

Skemmtilegar staðreyndir um skák

- Hægt er að máta í aðeins 2 leikjum – ef andstæðingurinn „hjálpur“ til. (Þá er leikjaröðin t.d. 1.f3 e5 2.g4 Dh4 mát.) En LENGSTA skák sem sögur fara af varð heilir 269 leikir. Skákina tefldu I.Nikolic og Arsovic í Belgrad 1989. Henni lauk með jafntefli. Sérfræðingar telja að hægt væri að tefla meira en 5000 leikja skák. Prófið það bara næst þegar sjónvarpsdagskráin höfðar ekki til ykkar!
- Fyrsta „skáktölvan“ kom fram á sjónarsviðið á 18. öld. Þetta apparat var kallað Tyrkinn og vakti gríðarlega athygli um alla Evrópu. Tyrkinn tefldi meðal annars við Napóleon keisara – og vann. Gúglið Tyrkjann og komist að hinu sanna...
- Orðin „skák og mát“ koma úr persnesku – shah mat – og þýða bókstaflega: Konungurinn er dauður!

Skákþraut vikunnar



Hvítur mátar í 2 leikjum!

Staðan kom upp í skák Íslandsvinarins, enska stórmeistarans, **Simon Williams** gegn ungverska alþjóðlega meistarannum **dr. Evarth Kahn** á alþjóðlegu móti í Búdapest árið 1995. Hvítu mennirnir beina spjótum sínum að svarta drottningarvængnum og með skemmtilegri hróksfórn tekst hvítum að opna leið fyrir drottninguna sína að kóngnum.

29. Hd8+! Hxd8

30. Dxb7 mát